

1951
Nr. 110
19. des.

þeirri, er úrskurðuð hefur verið eða dæmd, skipt í þeim hlutföllum, að Ísland greiði 15% en Bandaríkin 85%.

2. Þar sem menn í liði Bandaríkjanna og íslenskir þegnir eiga báðir sök, þá skulu Ísland og Bandaríkin hvort um sig greiða helming hinnar úrskurðuðu eða dæmdu kröfu.

3. Bandaríkjunum skal á hálfis árs fresti send skýrsla um fjárhæðir þær, sem Ísland hefur greitt síðasta missirið vegna hvers máls ásamt kröfu um endurgreiðslu. Endurgreiðsla skal fara fram, svo fljótt sem unnt er, í íslenskum gjaldeyri.

f. Eigi skal maður í liði Bandaríkjanna sæta lögsókn vegna kröfu, er rís af verknaði, sem þessi töluliður tekur til.

3. Grein þessi tekur eigi til krafna, sem bornar eru fram af þegnum ríkis, sem á í styrjöld við Bandaríkin eða af bandalagsríki slíks óvinaríkis, né heldur til krafna, sem eiga rót sína að rekja til styrjaldarverka óvina eða beinlínis eða óbeinlínis til athafna Bandaríkjalíðs í orustu.

4. Hervöld Bandaríkjanna og réttir íslenskir embættismenn skulu hafa samvinnu um öflun gagna til afnota við sanngjarna dómsmeðferð og afgreiðslu krafna, sem Ísland og Bandaríkin eiga hlut að.

5. Bandaríkin munu afla nauðsynlegrar lagaheimildar til að framkvæma skyldur sínar samkvæmt þessari grein.

1939 Tilskipun um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasviði.

Nr. 44

24. júlí

I. kafli. Erlend herskip.

■ **1. gr.** Herskipum erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði er frjálst að koma á íslenskar hafnir og í aðra íslenska landhelgi, enda hafi koma þeirra verið fyrirfram tilkynnt opinbera boðleið, og ekki annað ákveðið í sérstökum dæmum. Þó skal ekki fleirum en þremur herskipum sama ríkis heimilt að dvelja í sömu íslenskri höfn, og ekki má dvöl herskips í höfn vera lengri en 15 dagar.

□ Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar er hægt að gera með sérstöku leyfi, fengnu opinbera boðleið.

■ **2. gr.** Undanþegin ákvæðum 1. greinar eru:

a. herskip, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau skip, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,

b. herskip, sem lenda í sjávarháska,

c. herskip, sem ætluð eru einungis til eftirlits með fiskveiðum eða til vísindalegra rannsókna,

d. herskip, sem sigla viðstöðulaust gegnum íslenska landhelgi (passage inoffensif).

■ **3. gr.** Erlendu herskipi er óheimilt að framkvæma sjómælingar eða dýptarmælingar (aðrar en þær, sem nauðsynlegar eru skipinu á ferð þess) og að halda hvers konar heræfingar í íslenskri landhelgi eða á íslensku landi.

□ Erlundur kafabátur skal jafnan vera ofansjár, meðan hann heldur sig innan íslenskrar landhelgi.

■ **4. gr.** Erlendu herskipi er skylt að fylgja á íslensku forráðasviði gildandi ákvæðum um hollustuháttu, hafnsögu og tollgæzlu.

■ **5. gr.** Erlendum herskipum er skylt að leggjast við akkerisfestar á þann stað í íslenskri höfn, eða skipalægi,

er hlutaðeigandi hafnaryfirvöld, ef til eru, benda þeim á, og er samkvæmt beiðni skylt að flytja sig til í höfn eða skipalægi, eftir nánari tilvísun.

□ Leyfi, sem gefin hafa verið erlendum herskipum til að dvelja í íslenskri höfn eða á íslensku skipalægi, eru afturkallanleg hvenær sem er.

■ **6. gr.** Áhöfn erlends herskips, sem liggur í íslenskri höfn, er óheimilt að bera vopn í landi, þó skal liðsforingjum, undirforingjum og liðsforingjaefnum heimilt að bera þau vopn í landi, er tilheyra einkennisbúningi þeirra.

II. kafli. Erlend herloftför.

■ **7. gr.** Erlendum herloftförum er bannað að koma á íslenskt forráðasvið, nema samkvæmt áður fengnu leyfi opinbera boðleið. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru:

a. loftfar, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinbera fulltrúa hans, svo og þau loftför, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,

b. loftfar, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, er það dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi,

c. loftfar, sem er í háska statt.

■ **8. gr.** Loftfari, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, sem dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi, er óheimilt að hefja sig til flugs á íslensku forráðasviði, nema að fengnu leyfi samkvæmt undanfarandi grein, og skulu með leyfisbeiðninni fylgja þær upplýsingar, er getur í næstu grein hér á eftir.

■ **9. gr.** Beiðni um leyfi það, sem um ræðir í 7. grein, skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Tölu þeirra herloftfara, er taka eiga þátt í fluginu.

2. Tegund og einkenni loftfaranna.

3. Ráðgerða leið yfir íslenskt forráðasvið.

4. Staði þá, sem ráðgert er að heimsækja.

5. Komu- og brottfarartíma.

6. Sé um loftfar með þráðlausum firðritunar- eða firðtalstækjum að ræða, skulu tilgreind hin ýmsu kallmerki.

7. Áhöfn og tölu hennar.

8. Vopnaútbúnað loftfaranna.

9. Myndataeki, sem loftför hafa meðferðis.

■ **10. gr.** Erlend herloftför skulu á íslensku forráðasviði fylgja vandlega gildandi ákvæðum, sem sett eru til öryggis loftferðum.

□ Heimilt er að hafa í herloftfari vopn, án skothleðsna, svo og ljósmyndataeki án annars útbúnaðar til myndatöku.

□ Erlendum herloftförum er bannað að halda heræfingar á íslensku forráðasviði.

Lög um almannavarnir.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** [Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum.]¹⁾

¹⁾L. 30/1967, 1. gr.

■ **2. gr.** Krefjast má aðstoðar opinberra aðilja, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

1939
Nr. 44
24. júlí

1962
Nr. 94
29. des.

1962
Nr. 94
29. des.

□ Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almanna-
varna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að
framkvæma þau störf, sem lögin fela þeim.

■ **3. gr.** Á hættutímum er ríkisstjórninni heimilt að
gefa út sérstök fyrirmæli um almenna umferð, reglur og
öryggi á opinberum stöðum og svæðum, sem almenningur
hefur aðgang að. Sama máli gegnir á öðrum tímum,
þegar æfingar í þágu almannavarna standa yfir.

□ Ef hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri bannað að
nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra
samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að.

II. kafli. Skipulag almannavarna.

■ **4. gr.** [Almannavarnir heyrir undir dómsmálaráð-
herra, sbr. þó 5. gr. og VI. kafli.

□ Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar,
stýrir starfsemi almannavarna og er til ráðuneytis um
framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti forstjóri
landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í
Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.
Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja
ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfs-
reglur með reglugerð.¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 1. gr.

■ **5. gr.** Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirmælum
heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta al-
mannavarna, er varða sjúkráðsmál, lækni meðferð og
hjúkrun á sjúkum og særðum.

□ Forráðamönnum [heilbrigðisstofnana]¹⁾ ber, samkv.
fyrirmælum landlæknis, að undirbúa og framkvæma
ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að geta veitt
sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum.
Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og
rekstri varasjúkrahúsa.

¹⁾L. 85/1985, 2. gr.

■ **6. gr.** [Almannavarnaráð hefur með höndum heild-
arskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir
framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið
falla, en þar á meðal er:

- Fjarskipti milli umdæma.
- Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.
- Mælingar á geislavirkni.
- Viðvörðun og viðvörðunarkerfi.¹⁾
- Leiðbeiningar og almenningssfræðsla.
- Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
- Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði al-
mannavarna vegna ædstu stjórnar landsins og mikil-
vægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem
ráðherra setur.

h. Söfnun birgða og varsla þeirra.

i. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af
hættusvæðum.

j. Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkis-
stofnana.

k. Umsjón með almannaörnum í héraði.

l. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður.

□ Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að
athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarð-
skjálutum, flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum eða
annarri vá.

□ Almannavarnaráð skal jafnframt stuðla að, fylgjast
með og samræma ráðstafanir sem miða að því að draga
úr líkum á líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruham-

fara eða af annarri vá, svo sem með gerð varnarvirkja
eða með öðrum verndarráðstöfunum.

□ Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almanna-
várs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera
tímabundin. Almannavarnaráð getur sett framkvæmda-
stjóra erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra. Í
hverju kjördæmi skal vera minnst einn fulltrúi almanna-
varnarvárs skipaður af því. Fer hann með umsjón þeirra
verkþátta sem undir ríkisvaldið falla og er lögreglustjór-
um og almannavarnanefndum til ráðuneytis. Hann skal
vera búsettur í kjördæminu.²⁾

¹⁾Rg. 640/1983 (viðvörðunarkerfi alm. varna). ²⁾L. 85/1985, 3. gr.

■ **7. gr.** [Lögreglustjórar fara með stjórn almanna-
varna, hver í sínu umdæmi.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða að sveitarfélög, tvö
eða fleiri, eða landshlutar hafi samstarf um almanna-
varnir og veiti gagnkvæma aðstoð.¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 4. gr. ²⁾Augl. 237/1986 og 285/1987.

■ **8. gr.** [Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera al-
mannavarnanefnd. Nefndin kys sér sjálf formann og
varaformann.

□ Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almanna-
varnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir,
borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri,
slökkviliðsstjóri og tveir menn sem borgarstjórn velur. Í
öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð
bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartækni-
fræðingi, héraðs- eða heilsugæslulækni, lögreglustjóra,
slökkviliðsstjóra og tveimur mönnum sem bæjarstjórn velur.

□ Í sýslum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglu-
stjóra, svo og byggingarfulltrúa, héraðs- eða heilsu-
gæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslumaður tilnef-
nir og þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í
þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar. Skipa má
fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu í samræmi við
samstarf um almannavarnir samkv. 2. mgr. 7. gr.

□ Í Reykjavík skipar borgarstjóri framkvæmdastjóra
almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru
yfir 5000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir
atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi
sveitarstjórna.¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 5. gr.

■ **9. gr.** [Hlutverk almannavarnanefnda er að skipu-
leggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu
eða tjóns sem skapast hefur vegna hernaðaráttaka, nátt-
úruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefnd-
um þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna
ráðstafana innan umdæma þeirra samkv. nánari reglum¹⁾
er ráðherra setur:

a. Skipulagning og samræming hjálparstarfs og hjálpar-
arliða, þjálfun þeirra og búnaður.

b. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnu-
fyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.

c. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggis-
byrgja samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.

d. Stjórnstöðvar.

e. Fjarskiptakerfi.

f. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.

g. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings
fólks og móttöku fólks af hættusvæði.

h. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum
tillögum almannavarnaráðs.

1962
Nr. 94
29. des.

1962
Nr. 94
29. des.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að almannavarnaráð annist lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, á kostnað sveitarfélagsins, hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlítt.²⁾

¹⁾Rg. 107/1969. ²⁾L. 85/1985, 6. gr.

III. kafli. Hjálparlið.

■ 10. gr. Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18 – 65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að lengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

□ Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16 – 18 ára eða yfir 65 ára, til starfs, ef þeir óska þess sjálfir.

□ Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almannavarna.

□ Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfs, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

■ 11. gr. Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

□ [Á hættutímum er almannavarnaráði heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, enda samþykki viðkomandi lögreglustjóri þá tilhögun. Á hættutímum getur almannavarnaráð lagt bann við því að hjálparlið sé flutt á milli umdæma.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 7. gr.

■ 12. gr. Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

□ Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefdir.

■ 13. gr. Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

■ 14. gr. Dómsmálaráðherra setur reglur um starfskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

IV. kafli. Einkavarnir.

■ 15. gr. Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða, [náttúruhamfara eða af annarri vát].¹⁾

□ Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur cinnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

¹⁾L. 85/1985, 8. gr.

■ 16. gr. Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

■ 17. gr. Húscigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg

björgunar- og eldvarnartæki, eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

□ Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðar.

□ Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

■ 18. gr. Ráðherra getur ákveðið, að sérstakar ráðstafanir til almannavarna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

■ 19. gr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvæðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

□ Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimt fylgir lögtaksréttur.

□ Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

V. kafli. Flutningur fólks af hættusvæðum.

■ 20. gr. Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flytji af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

□ Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

■ 21. gr. Nú hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun samkv. 1. mgr. 20. gr., og er þá öllum skylt sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

□ Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

■ 22. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og flugvélar í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og adhlyningar.

□ Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því hússaskjól, svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

□ Sveitarfélag sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té, samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

[VI. kafli. Hagvarnir.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

■ [23. gr. Forsætisráðherra skal skipa hagvarnaráð er í eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins eða staðgengill hans er formaður hagvarnaráðs og ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins er framkvæmdastjóri þess. Verkefni hagvarnaráðs er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Heimilt er ríkisstjórninni að leita álits hagvarnaráðs á þáttum er snerta hollustu, heilbrigðis-, stjórnsýslu- og fræðsluviðbúnað vegna yfirvofandi hættu.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

1962
Nr. 94
29. des.

1962 ■ [24. gr. Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess
Nr. 94 að í ráðuneytum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga sé,
29. des. eftir því sem við á, gerð áætlun um verkefni og viðbrögð
á hættutímum. Jafnframt skal hagvarnaráð gera ráðstafanir
til þess að á einn stað verði safnað saman skýrslum
um þörf fyrir birgðir nauðsynja til að tryggja lífsafkomu
þjóðarinnar á hættutímum og gera áætlun um öflun
viðbótarbirgða og dreifingu þeirra eða skömmtnu eftir
atvikum. Öllum er skylt að gefa hagvarnaráði upplýsingar
af þessu tagi, enda skal hagvarnaráð fara með þær sem
trúnaðarmál.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

■ [25. gr. Hagvarnaráð getur hvenær sem er gert til-
lögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir eða ákvarðanir
sem það telur nauðsynlegar til að tryggja þau markmið
sem lýst er í 23. og 24. gr. Ríkisstjórninni er heimilt, ef
almannaheill krefur vegna hættu á hernaðaraðgerðum
eða af annarri sambærilegri vá, að gefa út fyrirhætti um
sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka
eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar
nauðsynjar sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

■ [26. gr. Heimilt er að ákveða að starfsmaður al-
mannavarnaráðs skuli starfa sérstaklega að þeim málefnum
um er undir hagvarnaráð falla, eftir því sem við verður
komið að mati almannavarnaráðs.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

[VII. kafli.]¹⁾ Ýmis ákvæði.

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

■ [27. gr. Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að
ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við
verður komið og án sérstaks endurgjalds.

□ Ráðherra getur krafist að ríki eða sveitarfélagi verði
fengið til afnota eða umráða lausafjarmunir og fasteignir
eða hluti af þeim sem brýn þörf er á til almannavarna,
enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða
að mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.
Heimilt er að gera þær breytingar á eignum sem þörf er á
til þess að þær komi að tilætlunum notum.

□ Stofnunum ríkis og sveitarfélaga, svo og fyrirtækjum
og félagasamtökum, sem hlutverki hafa að gegna í
skipulagi almannavarna samkvæmt samningi við al-
mannavarnaráð, er skylt án endurgjalds að taka þátt í
æfingum á sviði almannavarna í samræmi við slíkt skipu-
lag. Ágreiningu um þátttöku í æfingu má skjóta til
dómsmálaráðherra.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 10. gr.

■ [28. gr.]¹⁾ Ákveða má með reglugerð, að í húsi af
tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laga þess-
ara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu
búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgis-
ins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um
öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

■ [29. gr. Kostnaður samkv. 5. og 6. gr. og VI. kafli
greiðist úr ríkissjóði.

□ Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna
en um getur í 1. mgr. greiðist af viðkomandi sveitar-
stjórnunum, en ríkissjóður skal endurgreiða ⅔ kostnaðar af
opinberum öryggisbyrgjum.

□ Sveitarfélög, sem hafa samstarf um almannavarnir,
skulu skipta kostnaði samkvæmt íbúatölu.]¹⁾

¹⁾L. 85/1985, 11. gr.

■ [30. gr.]¹⁾ Dómsmálaráðherra setur reglugerðir
samkvæmt lögum þessum, nema annað sé sérstaklega
tekið fram.

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

■ [31. gr.]¹⁾ Brot gegn lögum þessum varða sektum
eða varðhaldi, nema þyngri refsing verði samkvæmt
öðrum lögum.

¹⁾L. 85/1985, 9. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á 1941 leigu húsnæði í sveitum og kaupúnum o. fl.

1941

Nr. 29
27. júní

■ 1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll
skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í
sveitum og kaupúnum, til þess, ef nauðsyn krefur, að
gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður
þeirra, þeim til öryggis. Einnig er ríkisstjórninni heimilt
að taka á leigu flutningataeki, sem með þarf til að koma
börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.

■ 2. gr. Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða
leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1.
gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi. Um
framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal
farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.]¹⁾

¹⁾Nú l. 11/1973.

Lög um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru 1943 herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

1943

Nr. 99
16. des.

■ 1. gr. Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenskum ríkis-
borgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bída
vegna aðgerða hernadaryfirvalda Bandaríkja Norður-
Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði
þeirra.

■ 2. gr. Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur
því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið,
mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenskum lögum.
Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða
hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenskum lögum. Þó er
hámark hverskröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt
lögum þessum [kr. 100 000,00].¹⁾

¹⁾L. 65/1944, 1. gr.

■ 3. gr. Bótakröfur samkv. lögum þessum má sækja
fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðun-
eytið til sakar.

■ 4. gr. Nú hefur sá, er tjón beðið, tekið við greiðslu
skaðabóta frá þeim, sem valdur var að tjóninu, og er þá
ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur
eða eigi.

□ Bótaskylda ríkissjóðs gildir ekki gagnvart váttryggj-
anda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins. Tjónþoli getur
eigi heldur krafist ríkissjóð bóta að svo miklu leyti sem
hann fær tjónið bætt af váttryggjanda.

□ Nú er bótakrafa eigi komin til ráðuneytisins innan
eins árs frá því, að tjónið varð, og er þá bótaskylda
ríkissjóðs niður fallin. Fyrningarfrestur á kröfum, sem til
eru orðnar fyrir gildistöku laga þessara, telst þó frá
gildistöku þeirra.

■ 5. gr. Nú greiðir ríkissjóður skaðabætur samkvæmt
1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær
bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur
valdið, eða öðrum.

■ 6. gr. Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur sam-
kvæmt 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.